

KJARASAMNINGUR
milli
Starfsgreinasambands Íslands
vegna viðkomandi verkalýðsfélaga
og
Landsvirkjunar

Samningur þessi er tvíþættur, annars vegar aðfararsamningur sem kveður á um framlengingu gildandi kjarasamnings til 22. júní 2011 og hins vegar kjarasamningur sem gildir frá 22. júní 2011, með þeim fyrirvörum sem greinir í samningi þessum.

Aðfararsamningur

Kjarasamningur aðila framlengist óbreyttur til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars - maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

Kjarasamningur frá 22. júní 2011

1. gr.

Samningur þessi gildir frá 22. júní 2011 til loka janúar 2014. Taki kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 ekki gildi hinn 22. júní 2011 skal sama gilda um þennan samning og falla þá öll ákvæði hans úr gildi. Verði samningar framlengdir af SA eða ASÍ til 31. janúar 2012 skal sama breyting verða á gildistíma samnings þessa. Taka þá launabreytingar 2011 gildi sem og almenn ákvæði og bókanir með samningnum.

2. gr.

Laun og launatafla hækka sem hér segir:

1.6. 2011:	4,25% eða 12.000 kr. að lágmarki.
1.2. 2012:	3,5% eða 11.000 kr. að lágmarki
1.2. 2013:	3,25% eða 11.000 kr. að lágmarki

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum.

3. gr.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá Landsvirkjun:

1. júní 2011	kr. 182.000 á mánuði
1. febrúar 2012	kr. 193.000 á mánuði
1. febrúar 2013	kr. 204.000 á mánuði

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram fullt starf og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

SJA
SGS



4. gr.

Lágmarksmánaðarlaun fyrir dagvinnu í sumurvinnu verði sem hér segir:

16 ára kr. 152.777
17 ára kr. 161.264
18 ára kr. 169.752

5. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 82.775.
Á árinu 2012 kr. 85.672.
Á árinu 2013 kr. 88.456.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 kr. 82.775.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 85.672.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 88.456.

Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

6. gr.

Ýmis ákvæði

Eftirtalin ákvæði úr kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 verði hluti samnings þessa:

- Ólaunaðir frídagar á ferðum

Aðilar munu jafnframt fara yfir önnur ákvæði í kjarasamningi ASÍ og SA og færa inn í kjarasamning aðila eftir því sem við á.

7. gr.

Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.


8. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 mánudaginn 27. júní nk.


Reykjavík, 21. júní 2011

F.h. Starfsgreinasambands Íslands



Mats Gunnar
Haldur

F.h. Landsvirkjunar



Sigurður Guðni Sigurðsson

Bókun um slysaftryggingar

Samningsaðilar munu á árinu 2011 bera ákvæði kjarasamningsins um slysaftryggingar saman við kjarasamninga SGS við önnur orkufyrirtæki og meta hvort ástæða sé til samræmingar.

SA
SGS

**Bókun um ræstingar**

Komi til þess að Landsvirkjun taki upp tímamælt ákvæðiskerfi við ræstingar mun fyrirtækið taka mið af þeim samningum sem SGS hefur samið um þar að lútandi við SA og ríkið.

SA
SGS



Yfirlýsing vegna endurmenntunar

Landsvirkjun lýsir því yfir að fyrirtækið muni greiða kostnað starfsmanna vegna viðhalds starfsréttinda eins og verið hefur.

JAA
SES